



Borgarráð

Reitur E (Rökkvatjörn 1), aðilaskipti að lóð og sölu byggingarréttar.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að Úlfarsá ehf., kt. 630120-1010, Lágmúli 7, 108 Reykjavík, verði nýr lóðarhafi og eigandi byggingarréttar að lóðinni Reitur E í Úlfarsárdal, komi í stað Landris ehf., kt. 550812-0100, sem lóðarhafi og eigandi byggingarréttar á lóðinni. Einnig er óskað eftir að eindagi greiðslu verði 13. febrúar 2020.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 21. nóvember 2019 var samþykkt að úthluta Landrisi ehf., kt. 550812-0100, Lágmúla 7, Reykjavík, lóð og selja byggingarrétt fyrir fjölbýlishús í samræmi við tilboð fyrirtækisins í útboði dags. 29. ágúst 2019. Heimilt byggingarmagn á lóðinni er allt að 6.730 fermetra ofanjarðar og allt að 3.436 fermetrum í kjallara/bílageymslum. Greitt er fyrir byggingarréttinn 267.001.871 kr.

Úlfarsá ehf. er alfarið í eigu sömu aðila og þeirra sem eiga Landris ehf.

Óli Jón Hertervig